



Fundargerð

503. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4, miðvikudaginn 6. mars 2024, kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Bergur Sigfússon, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn, klukkan 9.02.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2210028 - Breytingar á samþykktum sveitarfélagsins

Lagðar fram breytingar á Samþykktum um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps til fyrri umræðu að nýju.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn fór yfir þær breytingar sem lagðar eru til á Samþykktum um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps og samþykkir samhljóða að vísa þeim til síðari umræðu í sveitarstjórn.

2. 2403001 - Staða viðræðna vegna lands Kirkjubæjar II

Lagt fram minnisblað, frá lögmanni Skaftárhrepps ásamt erindum frá landeigenda Kirkjubæjar II.

Erindi frá landeigenda Kirkjubæjar II lagt fram. Fjallað um efni sammingsdraga og áherslur sveitarfélagsins í samningaviðræðum, en brýnir hagsmunir eru að niðurstaða fáiast sem tryggi að sveitarfélagið hafi forræði yfir byggingarlandi svo unnt sé að mæta kröfum um þróun byggðar á Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Jóni Jónssyni, lögmanni verði falið að koma fram fyrir hönd sveitarfélagsins í viðræðum og honum jafnframt falið að vinna að málinu áfram ásamt sveitarstjóra.

3. 2311042 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi.

Lagðar fram Samþykktir um meðhöndlun úrgangs, eftir yfirlestur ráðuneytis.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu. Sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestir samhljóða, Samþykktir um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi eins og þær liggja fyrir á fundinum.

BHS

Shi: G. G. G.
1
BS



4. 2403003 - Málefni Heilsuleikskólans Kærabæjar

Lagt fram bréf frá leikskólastjóra, þar sem óskað er eftir að leikskólinn fái að loka klukkan 15.00 út marsmánuð, eða þar til starfsfólk fengist til vinnu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ósk leikskólastjóra.

Fundargerðir til kynningar

5. 2403002 - Rekstrarnefnd Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla

Lögð fram fundargerð 143. fundar rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla, frá 12. febrúar 2024.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

6. 2311015 - Svæðisskipulag Suðurlandis 2022 - 2042

Lögð fram fundargerð 27. fundar vegna svæðisskipulags Suðurlandis 2022-2042


Fundargerðin lögð fram til kynningar.


Fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 10.31


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmarsson


Bergur Sigfússon


Sveinn Hreiðar Jensson